

Nd.

91. Viðaukatillögur

við frv. til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875, um laun íslenskra embættismanna, lögum 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, og lögum 20. okt. 1913, um hagstofu Íslands.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

1. Á eftir 2. gr. frv. komi ný grein, er verður 3. grein, svo látandi:
Prófessorar við Háskóla Íslands hafa að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr., upp í 6000 kr.
Dósentar við Háskóla Íslands hafa að byrjunarlaunum 3600 kr., en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr., upp í 4600 kr.
2. Greinatalan breytist samkvæmt þessu.
3. Í fyrirsögn frv. á eftir »æðstu umboðsstjórn Íslands« komi:
lögum nr. 36, 11. júlí 1909, um laun háskólakennara.